

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hvalamjöl.

Frá Merði Árnasyni.

1. Nær starfsleyfi Hvals hf. til framleiðslu hvalamjöls til nota í matvæli?
2. Nær starfsleyfi Hvals hf. til framleiðslu kryddvöru?
3. Hvers vegna telur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samkvæmt bréfi til Brugg-
hússins Steðja ehf. 24. janúar sl., að lagagrundvöllur sé „óviss“ við ákvörðun Heil-
brigðiseftirlits Vesturlands 13. janúar sl. um svokallaðan hvalabjór?
4. Hvaða umsagnir bárust ráðuneytinu um málið frá undirstofnunum þess eða öðrum áður
en ráðherra ákvað að fresta réttaráhrifum ákvörðunarinnar? Óskað er eftir að umsagnir-
ar fylgi svarinu.
5. Bað ráðherra eða ráðuneytisstarfsmaður Heilbrigðiseftirlit Vesturlands eða heilbrigðis-
nefnd Vesturlands að afturkalla ákvörðunina um hvalamjölið áður en ráðherra ákvað að
fresta réttaráhrifum hennar? Ef svo er, á hvaða hátt, á grundvelli hvaða laga og með
hvaða rökum?

Skriflegt svar óskast.